

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fê til að kaupa fyrir flagg handa stiptamtmannhúsinu.

1865.
30. ágúst.

Í bréfi dagsettu 8. þ. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um, að keypt verði dannebrogslagga með flaggstöng og flagglínu handa stiptamtmannhúsinu í Reykjavík.

Útaf þessu gefst yður til vitundar yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir leyft, að borga megi hluti þessa af fê því, er veitt er til óvissra gjalda handa Íslandi, og hefir Andresen, skipstjóri á gufu-póstskipinu Arktúrus, tekið að sér að annast það sem þörf er á í þessu efni.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Vigfúsar Öfjörðs.

30. ágúst.

Með bréfi 1. aprílmán. þ. á. hefir stiptamtíð sent hingað úrskurð með fylgiskjali, dagsettan 10. marzmán. s. á., um að maður nokkur, Vigfús Thorarensen Öfjörð að nafni, sê sveitlægur á Álptanes hrepp í Gullbringu sýslu, en sveitarstjórnin í hrepp þessum hefir látið sýslumanninn lýsa því yfir, að hún sê óánægð með úrskurð þenna. Hafið þér því lagt málið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður hérmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að úrskurður sá, er stiptamtíð hefir lagt á mál þetta, á óraskaður að standa.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um þakklætisávarp konungs fyrir samskotin handa þeim, er beðið hafa tjón af stríðinu.

30. ágúst.

Með bréfi þessu eru yður send, herra (tit.), 2 exemplör af